



Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 88. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á
fjarfundi,
14. október 2020, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Ákvarðanataka í málefnum Vonarskarðs í framhaldi af síðasta fundi.

Umræðu frá fyrra fundi haldið áfram. Aðilar fara stuttlega yfir afstöðu sína og síns baklands og rætt frekar.

Tillögur af minnisblaði bornar upp til samþykktar.

Hugmyndir um frekari útfærsla á hverri tillögu koma fram í meðfylgjandi bókunum.

Fulltrúar Ásahrepps og Skaftárhrepps styðja tillögu A.

Bókun ÁBÓ og SBJ: Svæðisráð vestursvæðis hefur skv. tilmælum stjórnar fjallað um hugsanlega valkosti í málefnum Vonarskarðs.

Fulltrúar Ásahrepps og Skaftárhrepps leggja til að farin verði leiðin, sem í minnisblaði frá stjórn kallast Valkostur A - gríðland göngufólks, þó með þeim breytingum að reiðhjólumferð verði heimiluð í gegnum skarðið á skilgreindri hjólaleið.

Sú leið felur þá í sér að:

** Endurskoða stikun gönguleiða með það að markmiði að vernda jarðmyndanir og gróður í Snapadal*

** Reglur um hestaferðir verða óbreyttar og skilgreind verður sérstök hjólaleið í gegnum Vonarskarð*

** Akstur vélknúinna ökutækja verður áfram bannaður nema á frosinni og snævi þakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur.*

** Gera þarf breytingu á Stjórnunar- og verndaráætlun til þess að heimila umferð reiðhjóla.*

Fulltrúarnir lýsa ánægju sinni með margar vandaðar umsagnir og ábendingar sem bárust í umsagnarferlinu í vor. Með þessum valkosti er brugðist við mörgum þeirra með því m.a. að gera skýran greinarmun á vélknúinni umferð og annarri umferð og að gæta þurfi samræmis milli umferðar hestamanna og hjólreiðafólks.

Bókun frá fulltrúa Skaftárhrepps, úr fundargerð sveitarstjórnar Skaftárhrepps:

"Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur frá upphafi átt fulltrúa í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og ber því fullt traust til ákvarðana þess. Fram kemur ítrekað í bókunum svæðisráðs vestursvæðis gegnum árin meirihlutavilji til að hafa Vonarskarð lokað fyrir vélknúinni umferð nema á frosinni og snævi þakinni jörð og telur sveitarstjórn Skaftárhrepps engar forsendur fyrir því hvorki fyrr né nú að ganga gegn þeirri rökum studdu ákvörðun svæðisráðs. Sveitarstjórn Skaftárhrepps bendir einnig á bókun sveitarstjórnar Ásahrepps frá 19. febrúar 2020 um umferð í Vonarskarði við endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps, sem fer með skipulagsvald í Vonarskarði."

Sveitarstjórn Skaftárhrepps ber fullt traust til síns fulltrúa í svæðisráði og styður einnig ákvarðanir Ásahrepps í sínu lögbundna skipulagshlutverki.

Fulltrúi Samút styður tillögu B

Fulltrúar Þingeyjarsveitar, Samút, ferðapjónustu og náttúruverndarsamtaka styðja tillögu C.

Rökstuðningur SAMUT vegna tillögu „C) Tilraunaverkefni ? Opnun með takmörkunum“:
Við styðjum þessa tillögu og tökum undir þá kosti sem koma fram í minnisblaði stjórnarformanns og eru eftirfarandi:

„Ákveðin málamiðlun milli þeirra sem vilja aukið aðgengi og hinna sem vilja halda svæðinu lokaðu fyrir hjólreiðum og/eða allri vélknúinni umferð.“

„Friður göngufólks til að upplifa kyrrð og ró er áfram tryggður að sumri og fram til 1. september“

„Hægt að snúa við ákvörðun að tilraunatímabili loknu, ef reynslan sýnir að áhættan er of mikil.“

„Vöktun og rannsóknir á tímabilinu gætu gefið áhugaverðar upplýsingar sem gætu gagnast við aðgangsstýringu á fleiri svæðum en í Vonarskarði.“

„Þeir sem ferðast um á vélknúnum ökutækjum fá leyfi til að aka um svæðið eftir 1. september á tilraunatímabilinu.“

„Þeir sem ferðast á hjólum fá leyfi til að hjóla um svæðið á skilgreindri hjólaleið á tilraunatímabilinu.“

„Gamla akstursleiðin liggur ekki um gróið land.“

„Aðgengi mögulegt fyrir fólk sem ekki á þess kost að ferðast gangandi á meðan á tilraunatímabili stendur.“

„Áfram hægt að skilgreina Vonarskarð sem víðerni skv. lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) á tilraunatímabili.“

„Gæti slökkt á einhverjum óánægjuröddum í hópi þeirra sem styðja við opnun á ökuleið og því að leyfa hjólreiðar um svæðið.“

Við gerum eftirfarandi athugasemdir við þá galla sem þar eru nefndir:

„Aukin umferð getur aukið hættuna á utanvegaakstri og náttúruspjöllum.“

Það sama gildir alls staðar á viðkvæmum svæðum og hefur enga sérstöðu í Vonarskarði. Fara þarf langt frá ökuleiðinni til að hægt verði að valda spjöllum með ökutækjum.

„Ferðafrelsi er áfram skert fyrir þá sem ferðast akandi að sumarlagi og fram til 1. september.“

Við teljum það ásættanlega fórn til að ná sáttum í þessu erfiða máli.

„Vöktun og eftirlit með umferð í september gæti reynst erfið bæði út frá kostnaði, mannafla, veðri og öryggi.“

Það sama gildir um aðra hálendisvegi og yrði engin breyting frá því sem nú er.

„Útfærsla á tilraunaopnun gæti reynst flókin og kostnaðarsöm, sem og fyrirkomulag á upplýsingasöfnun og skipulag í kring um rannsóknir.“

Við teljum að auðvelt verði að útfæra þetta án óhóflegs kostnaðar. Bendum líka á að þetta mál hefur þegar valdið miklum kostnaði fyrir alla sem að því koma og sér ekki fyri endann á því nema lausn finnist. Því er til nokkurs að vinna að leysa þetta mál núna þó að einhver kostnaður verði vegna rannsóknar. Við leggjum til að sérstakur

rannsóknarhópur verði settur á laggirnar og útivistarfolk fái skýra aðkomu að honum. Upplýsingaöflun verði gegnum einfalt vefviðmót þar sem ferðamenn lýsa upplifun sinni, bæði gangandi og akandi. Hægt verður að setja upp umferðarteljara og vera með spurningalista í Nýjadal og jafnvel fleiri áningarstöðum. Við teljum þetta auðleysanlegt með lausnamiðaðri nálgun.

„Gengið á möguleika göngufólks til að upplifa öræfakýrró án truflunar frá vélknúinni umferð eftir 1. september á tilraunatímabilinu.“

Við bendum á að umferð gangandi er lítil eða engin eftir eftir 15. ágúst vegna veðuraðstæðna. Þannig verði mjög litlum eða engum hagsmunum fórnad. Við bendum auk þess á landfræðilegan aðskilnað ferðaleiðanna.

„Umferð hjólreiða getur valdið náttúruspjöllum á tilraunatímabili, sérstaklega ef hjólað er utan skilgreindrar hjólaleiðar.“

Það sama gildir alls staðar á viðkvæmum svæðum og hefur enga sérstöðu í Vonarskarði. Verði skilgreinda hjólaleiðin eftir gömlu ökuleiðinni þarf að fara mjög langt frá henni til að hægt verði að valda spjöllum með reiðhjóli.

„Aukin vélvædd umferð á tilraunatímabili getur aukið hættuna á utanvegaakstri og náttúruspjöllum.“

Það sama gildir alls staðar á viðkvæmum svæðum og hefur enga sérstöðu í Vonarskarði. Fara þarf langt frá ökuleiðinni til að hægt verði að valda spjöllum með ökutækjum.

„Aukið aðgengi er líklegt til að auka umferð ferðafólks um svæðið (óháð ferðamáta).

Við það fækkar þeim svæðum þar sem hægt er að upplifa hágæða víðerni án vélknúinnar umferðar og mjög fáa aðra ferðamenn.“

Akstur síðsumars eftir ökuleiðinni skemmir ekki upplifun göngufólks um mitt sumar á gönguleiðinni sem liggur auk þess mun vestar. Umferð teljum við að verði aldrei svo mikil síðsumars og að hausti að það skaði upplifun göngumanna um mitt sumarið. Engin ummerki yrðu sýnileg frá gönguleiðum um þessa umferð umfram það sem nú er. Minnum á varnargörðana frá Landsvirkjum sem eru þarna nú þegar.

„Þó vélknúin umferð á vegslóðum komi ekki í veg fyrir að hægt sé að skilgreina svæðið sem víðerni skv. lögum um náttúruvernd á þeim tíma sem tilraunaverkefni stendur yfir dregur vélknúin umferð engu að síður úr gæðum víðerna.“

Við teljum að svo lítið verði dregið úr gæðum víðerna þarna þó að leyft verði að aka eftir malarlóðinni og varnargörðunum um miðbik Vonarskarðs að ekki sé réttlæt看legt að hamlar för annar ferðamanna með öðrum ferðamáta á svæðinu og rjúfa þar með langa og hefðbundna síðsumarsferðaleið með vestanverðum Vatnajökli. Með því verði einfaldlega of langt gegnið í að láta einn ferðamáta fórna gæðum fyrir annan.

„Óánægja kann að koma upp meðal beggja hópa, þ.e.a.s. bæði þeirra sem styðja takmörkun aksturs vélvæddrar umferða og hjólandi og þeirra sem vilja fá að ferðast um svæðið bæði akandi og á hjóli þegar það er hægt og finnst takmarkaður aðgangur í formi tilraunaverkefnis ekki ganga nægjanlega langt.“

Við teljum einfaldlega of langt gengið að láta eftir svona óánægju í þessu tilviki, samanber efnisatriðin sem við nefnum hér fyrir ofan. Með sama mælikvarða yrði að leggja af akstur víðast hvar á hálendinu ef einhver yrði óánægður.

Bókun frá fulltrúa SAMÚT

Það eru vonbrigði að fulltrúar Ásahrepps og Skaftárhrepps skiluðu inn umsögnum um afstöðu sinna sveitarfélaga til umferðar í Vonarskarð áður en umbeðnar athugasemdir sem svæðisráð óskaði eftir bárust til baka. Það er því ljóst að fulltrúar umræddra sveitarfélaga unnu ekki í samræmi við það erindi sem svæðisráði var falið af stjórnarformanni VJÞ

Bókun fulltrúa Þingeyjarsveitar.

Undirrituðum finnst óeðlilegt að Formaður Svæðisráðs reyni að hafa áhrif á nefndarfolk utan funda á grunni þess að sveitarstjórnarmenn eigi að virða skipulagsvald sveitarfélaga. En steininn tekur úr þegar viðkomandi formaður hefur samband við sveitarstjóra Þingeyjarsveitar til þess að efast um umboð mitt og hvort ég sé að starfa eftir vilja sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarmaður er einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga. Um svæðisstjórnarmenn gilda siðareglur VJÞ 2.gr sem segir: að í störfum sínum séu

stjórnarmenn bundnir af lögum, reglum og samþykktum Vatnajökulsþjóðgarðs sem og sannfæringu sinni. Skipun mín í Svæðisráðið er lögmæt og ég er óbundinn af öðru en lögum, síðareglum svæðisráðsfulltrúa og eigin sannfæringu. Þetta á formanni að vera ljóst.

Afstaða mín er að leið C sé heppilegust því hún er sáttatillaga og sú tillaga sem kemst næst því að sætta sjónarmið. Ekki hef ég getað séð á gögnum málsins að náttúru Vonarskarðs sé ógnað þrátt fyrir að akstursleiðin yrði opnuð með þeim takmörkunum sem lýst er í leið C.

Árni Pétur Hilmarsson

Bókun frá Ingibjörgu Eiríksdóttur, fulltrúa náttúruverndarsamtaka:

Með sátt að leiðarljósi, er væri Vatnajökulsþjóðgarði til sóma, og í samræmi við verndarmarkmið hans, var að beiðni fyrrverandi ráðherra umhverfis- og auðlindamála farið af stað í yfirstandandi vinnu við í átt að lausn viðvarandi ágreinings vegna stýringar umferðar mismunandi ferðahópa í Vonarskarði, undir forystu stjórnarformanns þjóðgarðsins.

Færa má fyrir því rök að sú styr sem staðið hefur um þetta mál undanfarinn rúman áratug hafi verið óheppileg og jafnvel skaðleg fyrir náttúruvernd í landinu í stærra samhengi, og þjóðgarðinn um leið. Í þessu samhengi er bent á að Alþjóða náttúruverndarsamtökin, IUCN, leggja í dag ríka áherslu á samráð og sátt um þær leiðir sem valdar eru til náttúruverndar, jafnvel frekar en stranga vernd, í það minnsta þegar sýnt er að ekki sé um hættu á varanlegum skemmdum að ræða.

Af gögnum málsins, sem og ágætri þekkingu á staðhættum, er ljóst að háhitasvæðið í Snapadal er sá reitur innan Vonarskarðs sem þarfnast mikillar nærgætni og alúðar. Til framtíðar þarf stýring ferðamanna um skarðið ávallt að taka mið af því. Um þetta hefur verið einhugur innan svæðisráðs.

Um það, hvort opna skuli ökuleiðina um skarðið, hefur hins vegar verið deilt. Tilraunaopnun ökuleiðarinnar um Vonarskarð, með samhliða rannsókn, sbr. leið C á minnisblaði formanns stjórnar VJP; „Vonarskarð - hugsanlegir valkostir“ frá sept. sl., er leið sem náttúruverndarsamtök geta hugsað sér og/eða telja ráðlegt að fara. Samtökin telja þó, að auki við tillöguna, áriðandi að á rannsóknartíma verði akstur um Vonarskarð háður leyfi þjóðgarðsins, þ.e. verði umsóknarskyldur. Á þann hátt náist mun meira aðhald og yfirsýn, auk mikilvægrar reynslu í víðara samhengi við stýringu ferðamanna hérlendis til framtíðar. Eðlilegt er að ákvörðun um stýringu umferðar um Vonarskarð til nánustu framtíðar byggji á grunni slíkrar rannsóknar.

Áriðandi er að í yfirstandandi ferli séu verklag og stjórnsýsla öll gansæ og til fyrirmyndar, þ.á.m. að af fagmennsku sé unnið úr innsendum umsögnum á vettvangi svæðisráðs. Skipuleg, málefnaleg úrvinnsla á umbeðnum umsögnum stofnana og hagsmunaaðila hefur á þessu stigi enn ekki farið fram á vettvangi svæðisráðs og verður slíkt að teljast bagalegt.

Ekki verður skilið við þetta mál án þess að vekja athygli á bókun hreppsnefndar Ásahrepps á 24. fundi sínum, dags. 19. febrúar sl., sem sveitarstjórn Skaftárhrepps tók í kjölfarið undir. Segir þar svo:

„Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að umferð ökutækja um Vonarskarð verði bönnuð yfir sumartímamann eins og gildandi Aðalskipulag Ásahrepps tilgreinir, en slík umferð verði leyfileg þegar jörð er frosin og snjór liggur yfir landi að vetrarlagi. Göngu-, reið- og reiðhjólaiðir verði ávallt opnar um svæðið. Einnig er samþykkt að skipulag gönguskála verði haldið inni skv. gildandi Aðalskipulagi Ásahrepps [...]“

Sveitarstjórn Skaftárhepps vísar til þess að Ásahreppur hafi „skipulagsvald“ í Vonarskarði. Bent er á að sveitarfélaga- og sýslumörk liggja um Vonarskarð þvert. Suðurhluti þess tilheyrir vissulega Ásahreppi, en norðurhlutinn er hins vegar innan Þingeyjarsveitar. Skipulagsábyrgð í Vonarskarði skiptist nokkuð jafnt á milli þessara tveggja sveitarfélaga.

Svo hagar til að sveitarstjórnir eru bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar VJB við gerð skipulagsáætlana innan hans, sbr. umfjöllun um réttaráhrif í 13. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007. Draga má í efa að fulltrúar nefndra sveitarfélaga í svæðisráði vinni að heilindum að endurskoðun ákvæða um umferð um Vonarskarð að undangengnum slíkum bókunum/yfirlýsingum, né séu hæfir til að leiða vinnu ráðsins í átt að samkomulagi. Til þessa hlýtur að vera óhjákvæmilegt að líta við áframhaldandi úrvinnslu málsins

Sveinn Hreiðar Jensson - bókun frá fulltrúa ferðapjónustu.

Undirritaður vísar til til áfangastaðaáætlunar Suðurlands 2020 en þar er gegnumgangandi ákall ferðapjónustunar að nauðsynlegt sé að móta stefnu um aðgengi að náttúru og menningarminjum.

Jafnframt er mikilvægt að ferðapjónustan þróist í sátt við samfélag og náttúru. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að auka gæði ferðapjónustunnar og efla rannsóknir hvað varðar þolmörk náttúru, samfélaga og ferðamanna. Áhersla er á náttúruvernd sé í forgrunni þegar að ferðapjónustu og aðgengi sé skilgreint fyrir hvert svæði og að aðgengi náttúrunni sé aldrei á kostnað hennar heldur sé hugað að sjálfbærni og upplifun.

Í ljósi þess ósættis sem ríkir vegna lokunar á Vonarskarði þá styð ég svokallaða leið C „Tilraunaverkefni - Opnum með takmörkunum“ sem leið til sátta vegna þeirra gríðarlegu óánægju sem ríkir um málið með þó neðangreindum skilyrðum.

Nauðsynlegt er að sé tryggt að Vonarskarð missi ekki skilgreiningu sína sem víðerni skv. Lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) á tilraunartímabilinu. Einnig er afar mikilvægt að tryggt verði öryggi þeirra sem fara um skarðið með eflingu fjarskiptasambands jafnframt legg ég til að tilraunartímabilið verði stytt í 3 ár frá 5 árum eins og lagt er til í upprunarlegu tillögunni.

2. Rekstraráætlun 2021 - 2009036

Þjóðgarðsvörður segir frá stöðu mála í gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2021

Miðað við fjárlög fær þjóðgarðurinn svipað fjármagn til rekstrar og undanfarin ár. Þá er eftir að stoppa í það gat sem fyrirsjáanlegt áframhaldandi sértekjufall skilur eftir.

Þjóðgarðsverðir fengu fyrirmæli um að setja fram rekstraráætlun í samræmi við það. Það þýðir að í dag sendi vestursvæði inn áætlun sem miðar við tæplega 35% skerðingu á rekstrarfé milli ára. Búið er að senda bréf til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem staðan er skýrð og óskað eftir aukafjárveitingu líkt og á yfirstandandi ári, til að vega upp á móti sértekjufallinu, en alls óvíst hverju það mun skila.

3. Gestastofa VJB við Kirkjubæjarklaustur - 1805024

Fréttir af framkvæmdum við Gestastofu VJB við Kirkjubæjarklaustur

Búið er að opna tilboð sem bærust í jarðvinnu vegna Gestastofu VJB við Kirkjubæjarklaustur. Fimm tilboð bærust og nú er verið að fara yfir þau og velja samstarfsaðila.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 15:30.